

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 115,20.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm	679
b. fyrir mæla 20 mm	1 654
c. fyrir mæla 25 mm	3 307
d. fyrir mæla 32 mm	6 614
e. fyrir mæla 40 mm	13 228
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	26 456

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 20 415 er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 290
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 751

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. júní 1992 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 497, 18. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 190

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1991.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991

	Pús. kr.
Veltufjármunir	627 267
Skammtímaskuldir	-20 444
	<hr/>
	Hreint veltufé 606 823
Fastafjármunir	
Langtímakröfur	4 410 482
Áhættufjármunir	30 007
	<hr/>
	Fastafjármunir 4 440 489
Hrein eign til greiðslu lífeyris	5 047 313

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

Fjármunatekjur, nettó	294 762
Iðgjöld	401 048
Lífeyrisframlög	155 703
Lífeyrir	-363 861
Kostnaður (rekstrargjöld - rekstrartekjur)	-15 757
Gjaldfærður stofnkostnaður	-5 883
Matsbreytingar	338 320
	<hr/>
Hækkun á hreinni eign á árinu	804 332
Hrein eign frá fyrra ári	4 242 980
	<hr/>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	5 047 313